

**7070 Óefnislegar eignir skv. skattalögum**

Í þennan reit skal færa bókfært verð óefnislegra rekstrarfjármuna skv. skattalögum. Bókfært verð þessara fjármuna skv. ársreikningi á að hafa verið dregið frá í reit 7040 og þarf því að bæta verðmæti þeirra hér inn aftur.

**7080 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila**

Ef eignfærð hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila í reit 5050 er ekki í samræmi við reglur skattalaga, skal leiðrétting færð hér. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

**7090 Skattaleg leiðrétting á eignarhlutum í öðrum félögum**

Ef eignfærð hlutdeild í öðrum félögum í reitum 5030, 5035, 5040 og 5045 er ekki í samræmi við reglur skattalaga, skal leiðrétting færð hér. Hlutabréf skal almennt telja til eignar á nafnverði, nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádrægnum skuldum sé lægra en hlutafé þess, sbr. 5. tl. 73. gr. skattalaga. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

**7100 Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum**

Hafi kröfur verið færðar niður í ársreikningi umfram heimildir skattalaga, skal leiðrétt í þessum reit. Sama á við sé niðurfærslan minni en heimildir skattalaga. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

**7105 Niðurfærsla birgða**

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 4093.

**7110 Arður (reiknaður)**

Arð vegna rekstrarársins skal færa hér, enda hafi hann verið færður til skuldar í reitum 6710 til 6840.

Athuga ber að ekki er lengur heimilt að draga úthlutaðan arð af hlutafé frá tekjum til skatts og er hann því ekki lengur frádráttarbær frá eignum.

**7120 Eftirlaunaskuldbindingar**

Par sem eftirlaunaskuldbindingar þær, sem færðar eru í reit 6710, eru að jafnaði ekki viðurkenndar til frádráttar eignum skv. skattalögum, þarf að bæta þeim við hreina eign í þessum reit.

**7130 Tekjuskattsskuldbinding**

Par sem tekjuskattsskuldbinding sú, sem færð er í reit 6720, er ekki viðurkennd til frádráttar eignum skv. skattalögum, þarf að bæta henni við hreina eign í þessum reit.

**7140 Ófrádráttarbær opinber gjöld**

Í þennan reit skal færa ófrádráttarbær opinber gjöld, þ.e. áætlaðan og ógreiddan tekjuskatt vegna næsta árs, sem skuldfærð hafa verið. Þar sem ekki er heimilt að draga ofangreind gjöld frá hreinni eign, verður að bæta þeim við í þessum reit.

**7190 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti**

Í þessum reit er hægt að gera aðrar þær leiðréttingar sem þörf er á að gera, til þess að færa hreina eign samkvæmt ársreikningi til réttar hreinnar eignar skv. skattalögum. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

**Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.****7990 Hrein eign / skuldir umfram eignir**

*Hér kemur hrein eign eða skuldir umfram eignir, þ.e. eigið fé í reit 6690/7000 að teknu tilliti til skattalegra leiðréttinga í reitum 7020 til 7190. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerk.*

*Jákvæða niðurstöðutölu í þessum reit (þ.e. ef eignir eru meiri en skuldir) á að flytja í reit 0920 Hrein eign, en neikvæða niðurstöðutölu (þ.e. ef skuldir eru meiri en eignir) á að flytja, án mínusformerkisins, í reit 0930 Skuldir umfram eignir á fyrstu síðu framtalsins.*

**7200 Leiðrétting hlutabréfaeignar vegna auðlegðarskatts**

Með bráðabirgðaákvæði XXXIII við skattalög nr. 90/2003, sem sett var með 24. gr. laga nr. 128/2009, er vikið frá ákvæði 5. tölul. 73. gr. skattalaga og lögaðilum gert að telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eign fé viðkomandi félags í stað nafnverðs.

Gert er ráð fyrir að í flestum tilfellum sé þegar búið að leiðrétta hlutabréfaeign framteljanda í öðrum félögum til nafnverðs í reit 7090 (sbr. 5. tölul. 73. gr. skattalaga) og slík nafnverðseign endurspeglar því í hreinni eign í reit 7990. Hér skal því færa leiðréttingu í samræmi við ofangreint bráðabirgðaákvæði, sem færir hlutabréfaeign í öðrum félögum til markaðsverðs eða "raunvirðis". Athuga skal að þessi leiðrétting getur aðeins fært eign í öðru félagi niður í 0 kr. (jafnvel þó eigið fé þess félags sé neikvætt). Í flestum tilfellum ætti fjárhæðin í reit 7200 að stemma við mismunareitinn 0470 í hlutabréfatöflunni með framtalinu.

Tilgangur þessa er að ná fram sérstöku ("leiðréttu") skattalegu bókfærðu eign fé félags, sem á hlutabréf í öðrum félögum (sjá reit 7995), sem síðan er notað við útreikning auðlegðarskatts hjá þeim einstaklingum sem eiga hlutabréf í félaginu.

**7995 Skattalegt bókfært eigið fé vegna útreiknings auðlegðarskatts**

Hér skal færa summu reita 7990 og 7200, þ.e. eigið fé í reit 7990 að gerðri leiðréttingu í reit 7200 (þar sem hlutabréfaeign í öðrum félögum er færð til "raunvirðis").

# Yfirlit hlutabréfaeignar í öðrum félögum (innlendum og erlendum)

Í þessar töflur skal sundurliða hlutabréfaeign félagsins í öðrum félögum, jafnt innlendum sem erlendum. Ef félagið á engin hlutabréf í öðrum félögum eru þessar töflur tómar. Fyrir hvert innlent félag skal a.m.k. koma fram nafn félags, kennitala þess og nafnverð hlutafjäreignar. Fyrir hvert erlent félag skal a.m.k. koma fram nafn félags, land og bókfært verð hlutafjäreignar (gæti t.d. verið fært á kaupverði eða markaðsverði).

Ef fyrir liggur **markaðsvirði** (viðkomandi félag er skráð í kauphöll eða á tilboðsmarkaði) skal skrá það í dálkinn „raunvirði“, en annars **hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé** viðkomandi félags. Dálkurinn „raunvirði“ getur verið auður, ef ekki er vitað hvert skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags er. Athugið að hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé getur ekki farið niður fyrir 0 kr. (orðið neikvæð), jafnvel þó að skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags sé neikvætt. Raunvirði eignar framteljanda í öðru félagi getur þannig ekki verið minni en 0 kr. og fjárhæðin í dálknum „raunvirði“ getur þannig ekki tekið mínusgildi.

Í samtölureitum 0450 og 0460 eru teknar saman samtölur nafnverðs/bókfærðs verðs og „raunvirðis“. Í mismunareitnum 0470 er reiknaður mismunur á raunvirði og nafnverði/bókfærðu verði (reitir 0460 - 0450). Í flestum tilfellum ætti þá fjárhæðin í mismunareitnum 0470 að stemma við reit 7200 (Leiðrétting hlutabréfaeignar vegna auðlegðar-skatts).

## 0400 Nafn félags

Hér skal skrá nafn viðkomandi félags (íslensks eða erlends).

## 0410 Kennitala

Hér skal skrá kennitölu félags, ef um íslenskt félag er að ræða.

## 0420 Land

Hér skal skrá heimaland félags, ef um erlent félag er að ræða.

## 0430 Nafnverð/bókfært verð hlutafjár

Hér skal skrá nafnverðseign í íslensku félagi, en bókfært verð eignar í erlendu félagi (sem getur verið nafnverð, kaupverð eða markaðsverð).

## 0440 Raunvirði hlutafjäreignar (ekki lægra en 0 kr.)

Ef fyrir liggur **markaðsvirði** (viðkomandi félag er skráð í kauphöll eða á tilboðsmarkaði) skal skrá það í dálkinn „raunvirði“, en annars **hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin**

**fé** viðkomandi félags. Dálkurinn „raunvirði“ getur verið auður, ef ekki er vitað hvert skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags er. Athugið að hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé getur ekki farið niður fyrir 0 kr. (orðið neikvæð), jafnvel þó að skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags sé neikvætt.

## 0450 Samtals nafnverð/bókfært verð

Hér skal skrá samtölu nafnverðseignar/bókfærðs verðs íslenskra og erlendra félaga í reitum 0430.

## 0460 Samtals raunvirði

Hér skal skrá samtölu „raunvirðis“ íslenskra og erlendra félaga í reitum 0440.

## 0470 Mismunur

Hér skal færa mismun raunvirðis í reit 0460 og nafnverðs/bókfærðs verðs í reit 0450 (þ.e. 0460 - 0450). Í flestum tilfellum ætti fjárhæðin í mismunareitnum 0470 að stemma við reit 7200 (Leiðrétting hlutabréfaeignar vegna auðlegðar-skatts).

### Hlutabréfaeign í íslenskum félögum

Nafn félags	Kennitala	Nafnverð	Raunvirði* Markaðsverð/hlutdeild í skattalegu eigin fé
0400	0410	0430	0440
0400	0410	0430	0440
0400	0410	0430	0440
0400	0410	0430	0440

### Hlutabréfaeign í erlendum félögum

Nafn félags	Land	Bókfært verð Nafnverð, kaupverð eða markaðsverð	Raunvirði* Markaðsverð í lok tekjuárs
0400	0420	0430	0440
0400	0420	0430	0440